

Úrskurður kæruneftndar 26. mars 2017

Meint brot:

Þann 21. mars 2017 barst kæruneftnd kæra vegna kosninga í formann Markaðsráðs, félags viðskipta- og hagfræðinema við Háskólann í Reykjavík. Kæran varðar meint brot sem felst í því að frambjóðandi sem vann umræddar kosningar hafi sent nemendum í deildinni skilaboð í gegnum facebook, bæði í einkaskilaboðum og í hópskilaboðum á meðan kosningum stóð. Talið er að skilaboðin hafi verið um og yfir hundrað. Orðrómur er einnig um það að vinir hans hafi tekið þátt í þessum áróðri á samfélagsmiðlum. Þá á frambjóðandinn að hafa sent mörgum í deildinni vinabeiðni og sent þeim strax skilaboð. Dæmi um skilaboð sem kjörneftnd barst var: „Kosningum lýkur á morgun, treysti á þitt atkvæði“.

Í lögum SFHR eru engar reglur um hvernig frambjóðendur skuli haga sér en á hverju ári hefur kjörstjórn sent út til allra nemenda reglur sem gilda um framboðskynningar. Ekki liggur fyrir hvenær reglurnar voru settar eða hvort að þær áttu að vera settar í lög SFHR og hvort að sú innleiðing hafi farið úrskeiðis, en slíkt er mögulegt enda lögin á heimasíðu Stúdentafélagsins sögð vera frá 2008 og líklegt er að einhverjar breytingar hafi verið gerðar á síðustu 9 árum. Ekki er hægt að rekja lagabreytingar aftur í tímann en mismunandi er hversu vel fyrri stjórnir hafa tryggt varðveislu gagna hverju sinni.

Reglurnar um framboðskynningar eru eftirfarandi:

- Frambjóðendum er frjálst að kynna framboð sín eftir að öll framboð hafa verið kynnt og svo fremi sem kosningabaráttan er háð með heiðarlegum hætti og af virðingu fyrir mótframbjóðendum.
- Aðeins má auglýsa framboð með plakötum á meðan að kosningu stendur, aðeins má nota fyrirfram skilgreind auglýsingasvæði, sbr. skólaeignur. Frambjóðendum ber að virða umgengnisreglur skólans, hvort sem það er innan veggja skólans eða á skólalóð.
- Óheimilt er að raska starfsemi skólans nema með leyfi skólayfirvalda.
- Óheimilt er að stunda beinar framboðskynningar utan skólalóðar HR, s.s. í vísindaferðum. Þó er heimilt að halda úti kosningavefsíðu, en frambjóðendur skulu há kosningabaráttu sína með heiðarlegum hætti og af virðingu fyrir mótframbjóðendum á kosningasíðum sínum. Auglýsingar og framboðskynningar þurfa að vera innan siðferðislegra marka og eiga ekki að áreita nemendur að óþörfu.
- Frambjóðendum ber að fjarlægja allar auglýsingar og plaköt í húsnæði skólans að kosningum loknum.
- Frambjóðendur þurfa að öðru leyti að fylgja lögum þess nemendafélags sem viðkomandi frambjóðandi býður sig fram í.

Álitaefni er hvort að ofangreind háttsemi sé brot á reglunni „Auglýsingar og framboðskynningar þurfa að vera innan siðferðislegra marka og eiga ekki að áreita nemendur að óþörfu“

Um kæruneftnd í lögum SFHR:

34. gr. Stjórn Stúdentafélagsins skal skipa þrjú aðila í kæruneftnd vegna kosninga, og tvo til vara, alls fimm aðila. Skal skipan kæruneftndar lokið viku fyrir lok kosninga hið minnsta. Þeir sem sæti eiga í kæruneftnd hafa fyrirgert rétti sínum til framboðs í viðkomandi kosningum. Við val á aðilum í kæruneftnd skal leitast til við að skipa aðila sem koma úr mismunandi deildum og skal skipa einn aðila sem ekki er nemandi í Háskólanum í Reykjavík. Kæruneftndin skal a.m.k. skipuð einum aðila sem lokið hefur grunnnámi í lögfræði. Neftndarmenn skulu gæta hlutleysis og eru bundnir þagnarskyldu um störf neftndarinnar umfram það sem gert hefur verið opinbert. Komi til þess að vafi leikur á hæfi einstakra neftndarmanna skal kæruneftnd öll, þ.m.t. varamenn taka ákvörðun um hæfi viðkomandi. Skal neftndin hafa til hliðsjónar hæfisreglur stjórnsýslulaga við þá ákvörðun.

35. gr. Kæur vegna kosninga skulu berast kæruneftnd skriflega eigi síðar en þremur virkum dögum eftir að kosningum lauk. Kæruneftnd skal kveða upp úrskurð um efni kæru eigi síðar en viku eftir að kærufrestur rann út. Kæruneftnd hefur endanlegt úrskurðarvald um efni kæru.

36. gr. Komist kæruneftnd að því að kosning, í heild eða að hluta til, hafi ekki verið framkvæmd samkvæmt ákvæðum laga þessara um framkvæmd kosninga, skal kjörstjórn boða til nýrra kosninga. Skulu framboð sem bærust vegna fyrri kosninga gild í slíkum kosningum. Skal boðað til nýrra kosninga eigi síðar en viku eftir að kæruneftnd skilar úrskurði sínum. Að öðru leyti skulu sömu reglur gilda um framkvæmd aukakosninga og aðalkosninga.

Úrræði kæruneftndar

Kæruneftnd skal kveða upp úrskurð skv. 35. gr. viku eftir að kærufrestur rann út. Þá hefur kæruneftnd endanlegt úrskurðarvald um efni kæru.

Þó að kæruneftnd telji að háttsemi framboðanda sé á gráu svæði þá hefur neftndin ekki vald til að úrskurða um hvort að þetta leiði til ógildingar á kosningum enda segir í 36. gr. laga um SFHR „komist kæruneftnd að því að kosning, í heild eða að hluta til, hafi **ekki verið framkvæmd samkvæmt ákvæðum laga** þessara um framkvæmd kosninga, skal kjörstjórn boða til nýrra kosninga.

Þó að öllum framboðendum beri að fara eftir reglum um framboðskynningar er ekki nógu skýr heimild í nógildandi lögum til þess að ógilda kosningarnar og boða til nýrra, enda er ekki um brot á ákvæðum laganna heldur reglum um framboðskynningar auk þess sem að ekki hefur verið sýnt fram á að kosningin hafi ekki verið framkvæmd samkvæmt lögum um SFHR.

Úrræði kæruneftndar

Kæruneftnd leggur áherslu á að stjórn SFHR þurfi að gera lagabreytingar á fyrirkomulagi kosninga hvað varðar framboðskynningar auk þess að skýra nánar hvaða heimild kæruneftnd hefur til að úrskurða og hvar eigi að birta úrskurði neftndarinnar.